

Garðabær
c/o Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.11.2016
Málalýkill	06.1
Mál nr.	1611057

Vegna Löngulínu 15-23, afmörkun sparkvallar við ylströnd

2016-10-30 gy.

Hr. bæjarstjóri Gunnar Einarsson.

Við Guðrún Hauksdóttir þökkum fyrir góðan fund með þér fyrr í mánuðinum.

Við viljum hér með fylgja eftir ósk okkar um að sparkvöllurinn á milli fjölbýlishússins Langalína 15-23 og ylstrandar verði afmarkaður á skýran og áþreifanlegan hátt samkv. gildandi deiliskipulagi. Raunveruleg notkun vallarins í dag gengur langt út yfir þá afmörkun. Slíkt ástand þar sem fólk á öllum aldri notar aðstöðuna á ýmsum tímum sólarhringsins er mikið álag á lóð og íbúa hússins. Trjágróður á erfitt uppdráttar, hávaði er truflandi og oft er engu líkara en að notendur sparksvæðisins telji okkar sameignarlóð vera hluti af sparkvælinum.


Afmörkunin þolir enga bið enda viljum við að ásýnd hverfisins verði falleg og aðstæður skapist til að ganga endanlega frá lóðinni, koma upp trjágróðri og snyrta umhverfið.

Að athuguðu máli teljum við svonefndan „battavöll“ sem kom til umræðu á fyrrnefndum fundi okkar ekki koma til greina. Slíkur völlur mun einungis hafa í för með sér meiri hávaða og aukna ásókn þeirra sem ekki eiga erindi á svæðið.

Við vonumst eftir jákvæðum viðbrögðum bæjarfélagsins og óskum eftir því að útfærsla umbeðinnar afmörkunar verði í góðu samráði við stjórn húsfélagsins.

Með vinsemd.

F. h. Húsfélags Löngulínu 15-23


Gylfi Guðjónsson